

mælum hlutadeiganda prófasts, hefir hreppsnefndin í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu skýrt frá því, að hún samkvæmt áskorun prófastsins hafi, þá er presturinn á Söndum í Dýrafirði fluttist að öðru prestakalli, tekizt á hendur að annast um endurbuyggingu kirkjunnar á Söndum og hefir hún því farið þess á leit, að nefndri kirkju verði veitt 800 króna lán, er endur borgist af hinum árlegu tekjum kirkjunnar.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknalegrar leiðbeiningar og birtingar að jeg samþykki, að kirkjan á Söndum taki hið nefnda lán, þannig að það endurborgist á hinum næstu 16 árum með 50 krónum í hvert skipti, og ávaxtist með 4 af hverju hundraði þess, er eptir stendur ár hvert, uns það er að fullu endurgoldið, hvorttveggja af sjóði kirkjunnar, og að því leyti sem hann kynni ekki að hrökkva til, þá af tekjum prestakallsins.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þjónustu í óveittu prestsem bætti.* — Út af því, að prestur, er um nokkur undanfarin ár hafði þjónað prestlausu nábuabraudri, hafði afsalað sjer þessari þjónustu, var stiptsyfirvöldunum tjáð til leiðbeiningar og ráðstafanar, að það bæði samkvæmt löggjöfinni og rjettarvenjuni er skylda hins næsta prests við óveitt prestakall að þjóna því, eptir nákvæmari fyrirskipun hlutadeigandi hjeradsprófasts og gegn endurgjaldi af tekjum embættisins.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýringu á 19. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar.* Eptir að alþingi í fyrra hafði vísað til landshöfðingja 2 bænarskrám frá sýslufundi á Þorbergasstöðum í Dalasýslu, og frá hreppsnefndarfundi í Viðvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu, um breytingu eða skýringu á 19. grein í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, leitaði jeg álitu hlutadeigandi amtmanna um þessar bænarskrár. Hefi jeg síðan meðtekið álit þeirra í þóknalegum brjefum dagsettum 17. novbr. f. á. og 22. febr. þ. á., og skal því þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknalegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir:

Að svo miklu leyti sem í nefndum bænarskrám hefir verið farið fram á, að lagaákvörðunum þeim, er hjer er um að ræða, verði breytt, hefir alþingi skorið úr þeim, með því að vísa þeim til landshöfðingja, því það liggur í augum uppi, að slík breyting getur ekki komizt á nema með nýju lagabóði, og er jeg alþingi samdóma um, að hún sje hvorki nauðsynleg nje hentug. Eptir því, sem hagar til hjer á landi, verður sem sje að telja það hentugt, að láta reikningsár hreppanna eptirleidis eins og hingað til ná frá fardögum til fardaga, en þá er einnig nauðsynlegt, ef reikningar hreppsins eiga að vera í lagi, og hreppsþúar hafa þann fljóta aðgang til að kynna sjer ástand hreppsins og stjórn hreppsnefndarinnar á málum hans, sem sveitarstjórnartilskipunin gjörir ráð fyrir, að hreppsnefndin fyrir fardaga semji áætlun um tekjur og gjöld hreppsins.

Miður nauðsynlegt mætti virðast, að semja, um leið og áætlunin er lögð fram, niðurjöfnunarskrá um upphæð þá, sem ætlað er að á muni vanta að fátækraftiund og aðrar tekjur hreppsins hrökkvi fyrir útgjöldum, og mætti jafnvel segja, að eigi væri hægt að semja slíka skrá, áður en upphæð fátækraftiundarinnar væri kunn. En við þetta er athugandi, að hreppsnefndinni er fullkomlega leyflegt, að haga áætluninni svo, að hreppurinn eigi á hverju ári nokkuð afgangs tekjunum, er leggja megi í viðlagasjóð fyrir hreppinn og geyma annaðhvort í peningum hjá gjaldkera nefndarinnar, í sparisjóði eða á öðrum stað, þar sem hægt er að ná fjenu, ef á því þarf að halda. Sveitarstjórnartilskipunin virðist jafnvel, með því að gefa hreppsþúum gjaldfrést á sveitargjöldum til 31.

40  
18. apríl.41  
18. apríl.42  
24. apríl.

42  
24. apríl. desbr. ár hvert, beinlínis gjöra ráð fyrir, að til sjeu í sjóði hreppsins við lok hvers reikningsárs eptirstvöðvar, sem nota megí í byrjun næsta reikningsárs. Það hlýtur nú að vera hægt fyrir hreppsnefndina þegar við byrjun fardagaársins, að gízka á, hvort upphæð fátækraftundar og annara tekna hreppsins mun verða svo mikil, að nauðsynlegt sje að jafna allri þeirri upphæð niður á hreppinn, sem nefndin hefir heimild til að leggja á hann samkvæmt 4. tölul. 26. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar, eða hve miklu sje óhætt að sleppa af þessari upphæð, og annað þarf hún ekki að vita til að semja niðurföfnunina, með því að eins og sagt var, ekkert er því til fyrirstöðu, að leggja á nokkuð sveitargjald framyfir útgjöld hreppsins, en skyldi hreppsnefndin jafna of litlu gjaldi á hreppsbúa, getur hún samkvæmt 1. tölul. nýnefndrar greinar síðar á árinu fengið leyfi sýslunefndarinnar til, að hækka upphæðir þær, sem eru á niðurföfnunarskránni. Þar að auki skal þess getið, að hreppsnefndin hefir vald til að taka lán, er ekki nemi meiru eða sje fyrir lengri tíma, en að það verði endurborgað fyrir lok næsta reikningsárs, og getur síðan fengið leyfi sýslunefndarinnar til að endurnýja slíkt lán (sbr. 7. lið 27. gr. sveitarstjórnartilskip.).

Það er misskilningur, þegar sú skoðun hefir komið fram, að sveitargjald það, sem komið hefir í stað aukaútsvarsins, eigi að byggjast á framtali hreppsbúa til tíundar. Því skal samkvæmt 19. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar jafnað niður eptir efnunum og ástandi hreppsbúa. Sjálfsgagt verður hreppsnefndin meðal annars að taka tillit til þess, sem henni er kunnugt af tíundarframtalinu frá árinu á undan um eign hlutaðeiganda gjaldþegns í tíundarbæru sje, en þar að auki ber henni að ihuga aðrar eigur gjaldþegnsins og efnahag hans og ástæður hið síðastliðna ár, þegar á allt er litið.

Það mun mjög sjaldan bera til, að það sje ekki kunnugt svo sem mánuði fyrir fardaga hverjir nýir búendur komi inn í hreppinn það ár, eða hverjir flytjist, burt og hvernig ástæður þeirra sjeu, og þess vegna mun það ekki geta gjört neinn töluverðan skakka frá hinu rjetta, þó hreppsnefndin byggí á því, sem menn vita í þessu tilliti, þegar niðurföfnunin á fram að fara; en skyldi samt einhverjum hafa verið sleppt eða sveitargjaldið eigi lagt á hann að rjettri tiltölu við aðra menn í hreppnum, hefir sjerhver hreppsbóndi í 3 vikur eptir fardaga rjettil að senda hreppsnefndinni kvartanir sínar um þetta, er hreppsnefndin á að gjöra út um á næsta fundi sínum (í síðasta lagi á haustfundi þeim, er henni ber að eiga, sjá 12. gr. sveitarstjórnartilsk.); og virðist ekkert því til fyrirstöðu, að hreppsnefndin á þessum fundi sjálfkrafa, og þó engin beiðni hafí komið fram um það, bæti við á niðurföfnunarskrána mönnum, sem síðan niðurföfnunin var gjörð hafa slutzt inn í hreppinn, eða afmái af skránni nöfn þeirra manna, sem hafa slutzt úr hreppnum um fardaga. Ef gjaldþegn skyldi flytja sig úr hreppnum nokkrum tíma eptir fardaga má heimta inn hjá honum, þar sem hann hefir tekið sjer bólfestu, sveitargjald það, er jafnað var á hann í hreppi þeim, er hann sluttist úr.

Það var áður sagt, að hreppsnefndin ætti, er hún jafnaði niður sveitargjaldi, að líta á efnahag gjaldþegnsins eptir því, sem henni væri kunnugt um ástæður hans hið síðastliðna ár. Þar á móti er það vitaskuld, að hreppsnefndin hvorki getur nje á að taka tillit til ástæðna gjaldþegnsins á fardagaári því, er jafnað er niður fyrir. Versni eða batni efnahagur hans á því ári, verður eigi heldur hið niðurfafnaða sveitargjald fært niður eða upp á því ári; en breyting sú, sem orðið hefir á efnunum hlutaðeiganda, kemur til greina við hina næstu niðurföfnun.

Þar sem bønarskráin úr Dalasýslu hefir beðiðzt útskýringar á því, hversu yfirgripsmikil þýðing orðsins «hreppsbúar» í 19. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar sje, skal þess getið, að allir íbúar hreppsins skulu, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir þess-

art grein, að svo miklu leyti sem þeir annars eru færir um, að greiða nokkurt gjald, taka þátt í sveitargjöldum, og verður í þessu tilliti eins og sagt er í 10. gr. reglugjörðar frá 8. jan. 1834 ekki haft tillit til þess, hvort þeir eru embættismenn, verzlunarmenn, bóndur, húsmenn eða aðrir; en skyldi nokkur, sem jafnað hefir verið á sveitargjaldi, álita sig undanþeginn slíku gjaldi, er honum frjálst að leita um það úrskurðar dómstólanna.

— *Brief landshöfðingja til biskups um lausn frá embættum.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi frá 25. febrúar þ. á. tjáð mjer að sira Magnús Jónsson, prestur að Skorrastað hafi samkvæmt þegnlegustum tillögum ráðgjafans, er gjörðar voru, eptir að hann hefði meðtekið brjef mitt frá 16. oktbr. f. á., mildilegast verið skipaður sóknarprestur Grenjadarstaðarprestakalls í Þingeyjarsýslu, og í annan stað ritað mjer á þessa leið:

Þar sem skýrt er frá í nefndu brjefi hr. landshöfðingjans, að um lausn presta á Íslandi frá embætti hafi þingað til farið á þann veg, að prestur sá, er lausnar óskadi, að eins hafi skýrt stiptysfirvöldununum frá því, og um leið sent þeim tillögur hlutadeigandi prófasta og tveggja presta um eptirlaun sín með beiðni um samþykki stiptysfirvaldanna, verður ráðgjafinn að álita alla þessa aðferð svo ótílhýðilega, að tilefni sje til að fyrirskipa aðrar hentari reglur til að koma lagi á þetta mál, en til þess mun ekki nauðsynlegt að gjöra lagabreytingu. Ráðgjafinn skal því til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjá, að í þessu efni verður eptirleiðis að fara að á þann veg, að þegar prestur á Íslandi óskar lausnar frá embætti, verður hann að senda um það reglulega og rökum studda beiðni, er annaðhvort sje rituð til hans hátignar konungins, ef hlutadeigandi hefir konunglega veitingu, ellegar, ef það er ekki, til landshöfðingja, og ber honum þá jafnframt að senda tillögur hlutadeigandi prófasts og tveggja presta um skilmálana fyrir eptirlaunum sínum. Þegar ástæða virðist til að fallast á það, er prestur hefir beiðið um, skal landshöfðingi veita honum reglulega lausn frá embætti, ef úrlausn málsins liggur undir hann, en annars verður að senda ráðgjafa beiðnina með ummælum landshöfðingja um, hvort eptirlaunakjör þau, sem upp á er stungið, sjeu aðgengileg eða ekki.

Og læt jeg ekki hjá liða hjer með þjónustusamlega að tjá hr. biskupinum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fyrir hlutadeigöndum.

#### EMBÆTTISMENN SKIPADIR OG SETTIR M.M.

Hinn 21. dag febrúarmán. þ. á., hefir hans hátign konungurinn allramildilegast skipað settan hjeradsækni Jónas Jónasson til að vera hjeradsækni í Reykjavíkur sókn, Kjósarsýslu og Gardaprestakalli í Gullbringusýslu.

S. d. var presturinn sira Magnús Jónsson á Skorrastað í Suður-Múlasýslu allramildilegast skipaður til að vera prestur Grenjadarstaðar og Þverár safnaða í Þingeyjarprófastsdæmi.

S. d. var landlæknir, jústizráð. dr. með Jón Jónsson Hjaltalín, ridd. af dbrg og dbrgsm. allramildilegast skipaður til að veita jafnframt landlæknisembættinu, er hann nú hefir, læknaskólanum í Reykjavík forstöðu, og var honum veitt lausn frá hjeradslæknisembættinu í syðra hluta suðurumdæmisins, er honum hefir verið falið.

S. d. var allramildilegast veitt amtmönnum á Íslandi lögtign í 2. flokki nr. 12 lögtignunartilskipunarinnar, og forstöðumanni menntunarstofnunarinnar handa prestaefnum á Íslandi lögtign í 4. flokki nr. 5. í sömu tilskip.

Hinn 24. dag nóvembermán. f. á. var hans hátign konunginum allraþegnlegast tjáð, að fyrrver-